

hafi ekki verið löglega boðinn forkaupsréttur. Virðist bera að líta svo á, að stefnda sé ekki skylt að taka afstöðu til þess, hvort hann neytir forkaupsréttar, fyrr en fyrir liggur löglegt forkaupsréttartilboð. Þykir því bera að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessum málalokum og þar sem fallið hefur niður þingsókn af hálfu stefnda, þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði, skal fyrir hönd bæjarstjórnar Hafnarfjarðar vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ingvars Björnssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1980.

Nr. 114/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Emil Grétari Ásgeirssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fyrir Hæstarétt. Ber það með sér, að hinn 29. apríl 1980 var ákærði með dómi sakadóms Reykjavíkur sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki gerð sérstök refsing.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Ber að staðfesta úrlausn hans um sök ákærða. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin, sbr. 72. gr. almennra hegningarlaga, fangelsi 4 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Emil Grétar Ásgeirsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Odds-sonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. apríl 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 17. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörns-syni yfirsakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 231/1980: Ákærvaldið gegn Emil Grétari Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 1. þ. m., gegn Emil Grétari Ásgeirssyni, Kvíabólstíg 3, Neskaupstað, nú refsifanga að Litla-Hrauni, fæddum 12. maí 1937 í Reykjavík.

„Ákærða er gefið að sök að hafa dag einn í síðari hluta desember 1979 stolið 186.000 krónum úr skáp í húsinu nr. 41 við Nesveg í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Hinn 30. jan. sl. sneri Aðalheiður Líkafrónsdóttir, Nesvegi 41, sér til rannsóknarlögreglu ríkisins og tilkynnti, að hún hefði í desember, sennilega hinn 22., orðið fyrir því, að 186 þús. kr. hefði verið stolið úr læstum skáp á heimili hennar, og hefði ákærði játað, að hann hefði verið þar að verki.

Rannsóknarlögreglumaður tók skýrslu af ákærða hinn 13. f. m. í skýrslu þessari, sem ákærði kannast við, að hann hafi gefið og undirritað, viðurkenndi ákærði afdráttarlaust, að hann hefði tekið peningana. Hann hefði verið staddur ásamt Aðalheiði hjá frænku sinni í Álfheimum 72, náð þar af henni húslyklunum, farið í leigubíl heim til Aðalheiðar og þar inn, rífið bakhlið úr skápnum og náð peningunum, en um upphæðina kveðst hann ekki geta sagt með vissu.

Ákærði neitaði því í fyrstu, er hann kom fyrir dóm við meðferð málsins, að hann hefði tekið peningana, kannaðist þó við, að hann hefði viðurkennt töku þeirra fyrir Aðalheiði og síðar fyrir rannsóknarlögreglu. Hann kvaðst hafa búið til þá sögu, að hann hefði farið úr Álfheimum vestur á Nesveg til þess að taka peningana. Síðan lét ákærði þess getið, að peningarnir hefðu ekki verið nema um 40 þús. kr. Ákærði var þá spurður, hvort það þýddi, að hann hefði tekið peningana, og sagði hann nú, að hann vissi til þess, að peningarnir hefðu verið teknir, er hann hefði verið heima hjá Aðalheiði við drykkju með fleira fólki. Féð hefði verið notað til greiðslu á útgjöldum við drykkjuna. Ákærði kvaðst ekki vita, hver hefði tekið peningana, og taldi sig ekki vita nöfn á þeim, sem þarna hefðu verið viðstaddir.

Að svo búnu lýsti ákærði yfir því, að hann vildi breyta framburði sínum og viðurkenna peningatöku frá Aðalheiði. Hann lýsti atvikum svo, að þau hefðu farið saman á ball í Glæsibæ og hann hefði verið búinn að ná peningunum úr skápnum, áður en þau fóru þangað. Hann kvaðst hafa verið búinn að sjá Aðalheiði fara í skápinn til þess að sækja peninga. Ákærði hélt því fram, að fjárhæðin hefði ekki farið fram úr 40.000 kr.

Aðalheiður kom síðan fyrir dóm. Hún sagði, að þau ákærði hefðu farið saman á ball í Glæsibæ, að því búnu heim til hennar, en síðan inn í Álfheima, þar sem þau hefðu hafst við um nóttina og fram eftir næsta degi. Þá hefðu þau farið saman heim til hennar og hafi nú komið í ljós, að búið var að taka peningana. Ákærði hefði ekki þá þegar kannast við, að hann hefði verið þar að verki, en viðurkennt það fyrir sér nokkrum dögum síðar. Aðalheiður kvaðst viss um, að fjárhæðin hefði numið 186.000 kr. Hún

hefði verið nýbúin að fá greiddar um 200.000 kr. frá Tryggingastofnuninni og ekki verið búin að eyða nema litlu af því. Hún kvaðst hafa tekið 6.000 kr. úr skúffunni, áður en hún fór á ballið.

Aðalheiður segir, að kvöldið, sem hún fór í Glæsibæ með ákærða, hafi ekki verið hjá henni aðrir gestir en hann.

Ákærði kvaðst ekki draga vætti Aðalheiðar í efa. Sig hefði minnt, að fleiri gestir hefðu verið þarna um kvöldið, en vera mætti, að hann ruglaði þar saman kvöldum. Ekki kvaðst hann heldur vilja rengja skýrslu Aðalheiðar um fjárhæðina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir mega telja sannað, að ákærði hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök og varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur sætt þessum refsidómum:

15. des. 1961 5 mánaða fangelsi fyrir árás, þjófnað, svik og hylmingu.

27. mars 1965 2 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld og umferðar- og áfengislagabrot.

25. febr. 1966 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

18. apríl 1966 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

29. júní 1967 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

26. febr. 1968 2 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.

30. maí 1975 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.

14. okt. 1975 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og svik.

8. des. 1976 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og svik.

5. sept. 1979 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og gripdeild.

Brottaferill ákærða er langur, en brot hans er ekki stórfellt. Verður refsing hans ákveðin 60 daga fangelsi.

Aðalheiður Líkafrónsdóttir hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða sér 186.000 kr., og hefur ákærði samþykkt kröfuna. Ber að taka kröfu þessa til greina. Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Emil Grétar Ásgeirsson, sæti fangelsi 60 daga.

Ákærði greiði Aðalheiði Líkafrónsdóttur 186.000 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.